



Rekið af
AE STARFSENDURHÆFINGU

ÁRSKÝRSLA 2024

Efnisyfirlit

HORFT TIL BAKA.....	3
Upphaf starfseminnar.....	3
Stjórn og starfsmenn	4
Vettvangsnám	4
Gæðaeftirlit.....	4
Sérverkefni	5
Tilraunaverkefni.....	6
Önnur verkefni.....	7
HLUTVERKASETUR/AE STARFSENDURHÆFNING.....	9
Grundvallarmarkmið	9
Stjórn félagsins	9
Starfsfólk.....	9
Nemar í vettvangsnámi og nemaverkefni.....	9
Markmið.....	9
Námskeið	10
Listanámskeið	10
Leiklist/spuni	11
LAN	11
Skák.....	11
Tungumálanámskeið og Grúskarinn.....	11
Söngur.....	11
Spil.....	11
Jafningjaspjall.....	11
Karahópur.....	11
Saumar.....	11
Hreyfing dans og jóga	11
Tölvunámskeið fyrir byrjendur.....	12
Ýmsar upptökur	12
Heimsóknir og vettvangsferðir í Hlutverkasetur.....	13
Árangursmat	13
Samningur við Vinnumálastofnun	15
Árið í tölum.....	16
Tilvísanir	16
Kyn.....	17

Aldur	17
Heimabæjarfélag	17
Framfærsla	17
Samningur við Reykjavíkurborg	18
Fræðsla, ráðgjöf og jafningjastuðningur	18
Atvinnupátttaka og/eða önnur samfélagspátttaka	18
Virkni utan Hlutverkaseturs	19
Fótboltaverkefnið FC Sækó	19
Samstarf við önnur úrræði og félagsamtök.....	20
Endurmenntun, nefndarstörf, kynningarmál og pátttaka á málþingum.....	21
Þakkir stjórnar	23
VIÐAUKI.....	24

HORFT TIL BAKA

Upphaf starfseminnar

Árið 2025 eru 20 ár síðan AE starfsendurhæfing sem rekur Hlutverkasetur var stofnað, þann 13. maí 2005. Árið 2024 voru 15 ár síðan að starfsemin flutti í Borgartún 1. Af því tilefni er sett í ársskýrsluna samantekt af því helsta sem á dagana hefur drifið í starfseminni.

Starfsemin hefur þurft að aðlaga sig að breyttum forsendum í samfélaginu. Eftirköst bankahrunsins og Covid-19 breyttu t.d. viðhorfum almennings hvað varðar mikilvægi félagslegra samskipta, sem og þátttöku í menningu og listum. Á nánast einni nóttu urðu t.d. þúsundir vinnufærra manna á Íslandi atvinnulausir í kjölfar bankahrunsins. Fyrsti samningurinn var gerður við Félagsmálaráðuneytið í tengslum við úttektir sem notendur sáu um, svokallaðar NSN úttektir. Félagsmálaráðuneytið tók þar mikilvægt skref að gefa notendum tækifæri á að spreyta sig í mikilvægum hlutverkum og fá atvinnutækifæri þar sem þekking þeirra og reynsla nýttist. Reykjavíkurborg tók síðan af skarið og samdi fyrst við Hlutverkasetur í tengslum við atvinnulega endurhæfingu og geðræn vandkvæði. Heilbrigðisráðuneytið tók við af Félagsmálaráðuneytinu og Vinnumálastofnum tók svo yfir samningana af þeim árið 2014. Litlir styrkir frá ólíkum aðilum hafa verið þýðingamiklir þar sem þeir hafa stutt við nýsköpun. Samningur við VR, sem dæmi, gerði það að verkum að hægt var að fjölga námskeiðum. Mótvægisjóður velferðarvaktarinnar studdi staðinn í tengslum við leiklist sem leið til úrvinnslu áfalla. Styrkur frá einstaklingi kom á sérnámskeiðum fyrir unglinga. Styrkur frá Soroptimistakönnum gerði það að verkum að hægt var að bjóða ungum mæðrum upp á sérnámskeið um mikilvægi tengslamyndunar. Virknistyrkir frá Virk hafa einnig verið þýðingamiklir, þar sem hægt var að prófa ólíkar nálganir varðandi atvinnuþátttöku og ráða jafningja til starfa í Hlutverkasetri.

Námskeið, fyrirlestrar og aðrir viðburðir hafa verið allt að 90 árlega. Um 35 verktakar hafa unnið í Hlutverkasetri í gegnum tíðina og um 120 sjálfboðaliðar. Fólk hefur komið víða að úr samfélaginu, sem hefur sýnt staðnum áhuga og lagt staðnum lið á margvíslegan hátt s.s. með heimsóknum, námskeiðahaldi, fyrirlestrum og styrkveitingum.

Listsköpun er afar stór þáttur í daglegu lífi Hlutverkaseturs. Sprottið hafa fram afar frambærilegir listamenn. Listahópur Hlutverkasetur var valinn listahópur Listar án Landamæra árið 2023. Listsýningar bæði innan húss sem utan eru orðnar samtals 36 frá árinu 2010, 17 þeirra í Hlutverkasetri og 19 á almennum listasöfnum.

Fyrsti vísir að starfseminni hófst í byrjun árs 2007 í Lækjargötu 7. Starfsemin flutti fljótlega á Laugaveg 26 og síðan 2011, í núverandi húsnæði, í Borgartúni 1. Markmið Hlutverkaseturs hefur verið frá upphafi að efla virkni og þátttöku fólks með geðsjúkdóma og koma sérþekkingu þeirra í farveg. Eins að sinna fólki sem misst hefur mikilvæg hlutverk, skapa tækifæri til áframhaldandi starfa á almennum vinnumarkaði, vinna forvarnarstarf og efla notendaáhrif. VIRK starfsendurhæfingarsjóður var stofnaður 2008 og fyrsti skjólstaðingurinn þeirra byrjaði haustið 2009. Atvinnurekendur og stéttarfélög stóðu að baki VIRK með það að markmiði að koma fólki aftur til starfa. Starfsendurhæfingarplásssum hjá t.d. Janus var fjölgað margfalt eftir bankahrundið. Hlutverkasetur breytti því um takt og færði starfsemin sína meir í átt að almennri virkni og eflingu félagslegra tengsla. VR studdi starfsemi Hlutverkaseturs í tvö ár eftir hrun sem lið í að efla geðheilsu sinna félaga. Þannig komu atvinnuleitendur inn í starfið og einnig fólk með erlendan

bakgrunn. Hlutverkasetur breyttist því í öfluga virknimiðstöð fyrir fólk með fjölbreyttan bakgrunn sem liður í forvörnum, endurhæfingu og til að koma í veg fyrir félagslega einangrun. Flestir sem sækja staðinn eru að kljást við geðræn vandamál og flestir koma vegna hvatningar frá fagfólki sem starfar í félags- eða geðþjónustunni.

Stjórn og starfsmenn

Stjórn Hlutverkaseturs hefur verið starfseminni afar mikilvæg og stutt starfsemina á ótal vegu. Þórólfur Árnason og Andri Árnason hafa verið frá upphafi og lögðu sitt af mörkum við að Hlutverkasetur yrði að veruleika. Sæunn Stefánsdóttir kom inn sem stjórnarformaður 2009. Sex stjórnarmenn hafa hætt og nýir komið í staðinn. Stjórnina í dag skipa auk Sæunnar, Þórólfs og Andra, Þór Sigfússon og Sylviane Lecoultre.

Jafningjastarfmenn, sem áður hétu notendastarfsmenn, hafa verið meirihluti starfsmanna. Hlutverkasetur var stofnað með það að markmiði að skapa störf þar sem þekking geðsjúkra og reynsla nýttist. Í Hlutverkasetri hafa starfað 49 jafningjastarfsmenn. Sex núverandi starfsmenn hafa lokið námskeiði hjá Intentional Peer Support. Slík menntun var fyrst í boði fyrir jafningja hérlandis í byrjun árs 2023.

Frá 2007 hafa 9 iðjupjálfar starfað í Hlutverkasetri. Elín Ebba Ásmundsdóttir iðjupjálfi hefur verið með frá upphafi og Helga Ólafsdóttir iðjupjálfi starfaði í rúm 13 ár. Anna Henriksdóttir listakennari kom sem atvinnuleitandi eftir hrun í gegnum VR. Hún byrjaði að nýta sér námskeiðin, fór fljótlega að bjóða upp á námskeið sjálf og var síðan ráðin sem myndlistakennari og lauk meistaranámi í kennslufræðum M.Art.Ed hjá Listaháskóla Íslands árið 2011. Alls kyns skapandi iðja hefur verið grunnstoð starfseminnar og margir lagt Önnu lið eins og Svava Einarsdóttir og María Gísladóttir. María er fjöllistakona og ásamt því að vera jafningi og ganga í öll störf hefur hún séð um heimasíðuna. Sylviane Lecoultre iðjupjálfi tengdist starfseminni 2011, fyrst í gegnum samstarfsverkefni við geðsvið Landspítalans og kom á atvinnuþátttökuverkefninu *Útrás*. Fyrstu skref í Individual Placement Support voru tekin í Útrásarverkefninu þar sem unnið er út frá áhuga fólks og fundin vinna við hæfi og stuðningurinn fer fram á vinnustaðnum.

Vettvangsnám

Fjölmarginir nemendur hafa komið í vettvangsnám í Hlutverkasetur og verið allt frá fjórum vikum upp undir fimm mánuði. Nemendur í iðjupjálfun hafa meðal annars komið frá Háskólanum á Akureyri, en einnig hafa komið namar víðs vegar að úr heiminum s.s. Austurríki, Finnlandi, Þýskalandi og Kanada.

Gæðaeftirlit

Reglulegar úttektir hafa verið gerðar í Hlutverkasetri frá 2010 sem hluti af gæðaeftirliti í gegnum símakannanir, eigindleg viðtöl, þátttökuathuganir og rýnihópa. Auk þess hafa þátttakendur skráð reynslusögur á heimasíðuna. Úttektaraðilar hafa verið namar við Háskólann á Akureyri og namar sem hafa komið í vettvangsnám á vegum erlendra háskóla. Jafningjar hafa einnig lagt sitt af mörkum með að hanna spurningakannanir og hringt út til fólks.

Rauði þráðurinn í niðurstöðunum er oftast það að hafa tekist að brjótast út úr einangrun, að eiga samleið með öðrum, geta felld grímuna, og tilheyra hópi. Vináttutengsl, fordómaleysi, og samkennd eru einnig oft nefnd sem styrkleiki staðarins. Viðmót starfsmanna og menningin á

staðnum er einnig mikils metin. Aðrir mikilvægir þættir eru; þjónustan kostar ekkert, engin tímatakmörk, að eiga val um að taka þátt eða ekki þátt í námskeiðum og að veran nýtist í endurhæfingarferlinu. Það skiptir þátttakendum máli að halda rútínu, að láta gott af sér leiða og að fá að prófa sig í nýjum hlutverkum. Þátttaka í Hlutverkasetri hefur jákvæð áhrif á líðan og hún viðheldur voninni um betri tíð.

Sérverkefni

Notandi spyr notanda (NSN): Fyrstu sérverkefni Hlutverkaseturs voru NSN úttektir á vegum Félagsmálaráðuneytisins. Meginmarkmið þeirra var að kanna stöðu, ímynd, upplifun, og reynslu einstaklinga með geðraskanir. Fá sýn þeirra á þjónustuna; hvað þeir kunnu að meta, hvað þeim var mikilvægt og hvað þeim fannst vanta. Í NSN er starfsfólk með notendareynslu sem aflar gagnanna, greinir þau og setur saman í skýrslu. Úttektir voru gerðar á átta búsetukjörnum sem ráðuneytið rak. Niðurstöður rannsókna hafa verið nýttar til að auka gæði þjónustunnar út frá þörfum og vilja notenda ásamt því að efla sjálfstæði og sjálfræði þeirra. Í byrjun voru ráðnir tveir iðjupjálfar og sex jafningjastarismenn sem unnu verkið saman. Einnig bjuggu þau til fræðsluefni með notendaáherslum fyrir starfsmenn svæðisskrifstofa. Árið 2010 var breytt um takt. Í stað þess að taka út búsetuúrræði á vegum ráðuneytisins, var talað við einstaklinga sem tengdust dagsstarfsemi fyrir geðfatlaða og þeir spurðir hvað þeim fyndist um stöðu þeirra í íslensku samfélagi og hvað gagnaðist í þjónustunni og hvað ekki. Viðtöl voru tekin á Reykjavíkursvæðinu, á Akureyri, Vestmannaeyjum og á Egilsstöðum.

Árið 2010 veitti Nordplus styrk til gagnkvæmra heimsóknna á milli NSN hópsins í Noregi sem var fyrirmynd íslenska verkefnisins og NSN hópsins á Íslandi. Haldið var málþing um málefni notenda þegar að Norðmenn heimsóttu Ísland. Einnig voru haldnir fundir með notendahreyfingum, fulltrúum stærstu sveitarfélaganna og í ráðuneytinu. Íslenski hópurinn heimsótti Norðmenn í Þrándheimi og fóru sex fulltrúar frá Hlutverkasetri. Norðmenn héldu námskeið í NSN aðferðinni og sýndu brot af því besta sem sprottið hefur upp af notenda- og þekkingarreynslu þar í landi.

Reykjavíkurborg tók við af félagsmálaráðuneytinu og gerði samning um NSN úttektir á íbúakjörnum á þeirra vegum á tímabilinu 2010-2022 að frátöldum árunum 2013-2016. Fræðsla var haldin um valdeflingu og stuðning við samfélagsþátttöku. Geðsvið LSH tók síðan við keflinu og gerði samning um NSN úttektir árið 2023 og stefnir að því að NSN úttektir verði gerðar reglulega á geðdeildum sem hluti af þeirra gæðaeftirliti. Bergþór G. Böðvarsson jafningjastarfsmaður hélt utan um þessar úttektir fram til 2023 og margir notendur tóku sín fyrstu skref í atvinnuþátttöku í þessu verkefni. FC sækó fótbolti fyrir alla er dæmi um afrakstur slíkra NSN úttekta sem Bergþór sér enn um. Geðsvið LSH, Reykjavíkurborg og KSÍ hafa stutt dyggilega við fótboltahópinn sem hefur farið margar ferðir erlendis, til Skotlands, Englands, Noregs og Ítalíu.

Málþing: Fyrstu málþingin voru kölluð *Valdefling í verki*. Á árunum 2007 til 2011 voru haldin sextán tveggja daga málþing víðs vegar á landinu. Hugmyndafræði valdeflingar kynnt, niðurstöður notendarannsókna, bæði innlendra og erlendra og réttindamál. Sveitastjórar voru fundarstjórar, ræðumenn komu frá atvinnulífinu, sveitastjórnunum, löggæslu, félags- og heilbrigðisþjónustunni, frá aðstandendum og ekki síst notendum sjálfum. Vinnusmiðjur voru haldnar og fundargestir fengu tækifæri að tjá sig og yfirfæra nýja þekkingu á eigin vinnustað og umhverfi. Árið 2007 var farið á Akureyri, Ísafjörð, Egilsstaði og Hornafjörð. Árið 2008 var ferðinni heitið til Sauðarkrós, Húsavíkur, Kragans og á Suðurnes. Árið 2009 varð Rauði Kross Íslands (RKÍ) samstarfsaðili ásamt

Háskólanum á Akureyri (HA) og nefndust málþingin þá *Byggjum betra samfélag*. Þá var að auki tekið fyrir að tilheyra stærri heildum, mikilvægi samvinnu og samstöðu og hvað það er sem skiptir máli í samfélagi manna, í þjónustunni, í fari starfsmanna, aðstandenda, vina og samstarfsmanna. Þá var farið á Neskaupsstað, Vestmannaeyjar, Selfoss og Borgarnes.

Árið 2010 voru málþingin í samstarfi við starfsendurhæfingarstöðvar á viðkomandi stöðum, Vinnumálstofnun (VMST) og VIRK starfsendurhæfingarsjóð auk Velferðarráðuneytisins og HA. Höfuðáherslan var á mikilvægi virkni og á hvern hátt væri hægt skapa vel metin störf, á heimavelli fyrir fólk með skerta starfsgetu. Þá var farið á Akureyri, Sauðárkrók, Egilsstaði og til Vestmannaeyja. Árið 2011 nefndust málþingin *Byggjum betra samfélag – valdefling í verki* og voru samstarfsaðilar þá RKÍ, HA og Félags- og tryggingamálaráðuneytið. Grundarfjörður, Akranes og Húsavík voru þá heimsótt. Málþing var einnig haldið á Akureyri sama ár þar sem skýrsla NSN hópsins *Samfélagsþegn eða aumingi* var kynnt.

Ókeypis faðmlög: Frá árinu 2009 fram að Covid 19 voru ókeypis faðmlög í boði Hlutverkaseturs á Laugaveginum á Menningarnótt Reykjavíkurborgar. Vaskur hópur frá Hlutverkasetri faðmaði gesti og gangandi eins og engin væri morgundagurinn og vakti kátínu. Með tilkomu Covid 19 datt þessi gjörningur niður.

Leikhúsfærðir og aðrar menningarferðir: Í gegnum árin hefur þátttakendum verið boðið á alls kyns viðburði í leikhús, á söfn, í bíó og á tónleika, sem hefur verið starfseminni afar dýrmætt. Frá 10 til 50 einstaklingar hafa mætt á einstaka viðburð. Mikilvægi þessa verður seint þakkað þar sem þátttaka í menningarathöfnum hefur jákvæð áhrif og sál og líkama og tækifæri að vera virkir þátttakendur í samræðum og skoðunum um listviðburði.

Tilraunaverkefni

Tilraunaverkefni hafa verið þó nokkur í gegnum árin í tengslum við samning við Reykjavíkurborg. Má þar nefna úttektir á búsetukjörnum, úttekt á Vin, fræðsla um valdeflingu, samstarf um virknimiðstöð í Breiðholti og námskeið fyrir starfsfólk á velferðarsviði. Einnig var byrjað að skapa hlutastörf fyrir jafningja á vegum Velferðarsviðs Reykjavíkur og fengu fimm einstaklingar vinnu þar og tveir á Geðheilsustöð Breiðholts.

Á árunum 2007 til 2009 voru þrjú tilraunaverkefni prufukeyrð í Hlutverkasetri. Geðfræðsluefni unnið af notendum fyrir grunn- og framhaldsskóla, forvarnartrygging fyrir vinnustaði og starfspjálfun fyrir ungmenni.

Geðfræðsla: Sparisjóðurinn veitti styrk til að ráða fjóra notendur í vinnu. Tveir þeirra þróðu geðfræðsluefni fyrir grunn- og framhaldsskóla.

Áfallavernd: Sjóvá gerði tilraunasamning við Hlutverkasetur til tveggja ára vegna tryggingar sem kölluð var Áfallavernd. Einn vinnustaður var prufukeyrður á þessum tíma. Samið var við þverfaglegan hóp sem hægt væri að vísa til. Mannauðstjóri vísaði skjólstæðingum og tengiliður Hlutverkaseturs fékk fimm tíma til að meta vandann. Öllum tilvísunum á tilraunatímanum tókst að leysa úr án frekari íhlutunar. Með tilkomu VIRK endurhæfingarsjóðs var ekki lengur þörf á slíkri tryggingu.

Kaffihúsaverkefnið: Tilraunasamningur til sex mánaða var gerður við Félag- og tryggingamálaráðuneytið sem kallaðist *Kaffihúsaverkefnið*. Tveir starfsmenn skiptu á milli sín

verkum við að finna kaffihús í miðbænum, sem væru tilbúin að vinna með ungu fólki sem þyrfti sérstakan stuðning á vinnustaðnum. Fjölsmiðjan og VMST voru tilvísunaraðilar og starfsmenn Hlutverkaseturs sáu um utanumhald, tengingu við skjólstaðingana og vinnustaðinn.

Á árunum 2010 til 2011 voru átaksverkefni komið af stað af hálfu yfirvalda til að virkja fólk aftur til samfélagsþátttöku eftir bankahrunið. Hlutverkasetur var þátttakandi í nokkrum þessara.

Leiklist/psykodramanámskeið: Trausti Ólafsson leiklistarfræðingur hefur leitt vinnustofur í psychodrama í Hlutverkasetri frá árinu 2009. Aðferðin byggir á hugmyndum J. L. Moreno þar sem aðferð leiklistar (psychodrama) er nýtt til úrvinnslu á erfiðri lífsreynslu. Mótvægisjóður velferðarvaktarinnar veitti styrk 2010 til að halda fimm vinnusmiðjur í psychodrama. Námskeiðin voru sérstaklega ætluð atvinnuleitendum og fagfólki sem var undir miklu álagi vegna efnahagshrunsins. Trausti hefur að auki boðið upp örnámskeið, lengri námskeið og vinnustofur um helgar. Hann hefur leitt leiklistarhópa í setrinu og sett upp nokkur leikverk sem meðal annars hafa verið sýnd á menningarhátíðum í Reykjavík og Kópavogi ásamt gjörningi í miðborg Reykjavíkur. Sumir þátttakendur hafa í framhaldinu fengið vinnu sem aukaleikarar, bæði í auglýsingum og kvikmyndum.

Venusarkórinn: Evrópuár gegn fátækt og félagslegri einangrun styrkti staðinn til að auka fjölbreytni í námskeiðahaldi og var ráðinn einstaklingur í hlutastarf til að halda utan um verkefnið. Eitt verkefnið var að stofna kór sem starfaði í 2 ár. Margrét Pálmadóttir og Maríus Sverrisson í Domus Vox stjórnuðu kórnum. Það voru 56 einstaklingar skráðir í kórinn og um 20 mættu á hverja æfingu. Haldnir voru tvennir tónleikar.

Önnur verkefni

Að brjótast úr fátækt: Myndband var tekið þar sem fylgst var með daglegu lífi eins þátttakanda í Hlutverkasetri sem bjó við fátækt. Myndbandið var eitt af 29, eitt frá hverju þátttökulandi, með yfirskriftinni *Getting out of poverty* og voru þau sýnd á lokaráðstefnu sem haldin var í Brussel 2010 og tveir fulltrúar frá Hlutverkasetri tóku þar þátt.

Námskeið erlendis: Á árunum 2007-2013 hélt Evrópusambandið úti verkefninu *Grundtvig – fullorðinsfræðsla* með áherslu á jaðarhópa, undir slagorðinu: *Það er aldrei of seint að læra*. Sótt var um styrki fyrir einstaklinga innan Hlutverkaseturs og fóru alls 14 manns á 7-14 daga vinnustofur víðsvegar um Evrópu.

Frá 2012 til 2018 var hægt að bjóða upp á námskeið fyrir unglinga og mæður með ung börn. Leiklistarhópur Hlutverkaseturs Húmor var stofnaður, FC sækó fótbolli fyrir alla og atvinnuverkefnið Útrás var líka sett af stað á þessum árum.

Leikhópurinn Humor: Edna Lupita listakona stofnaði leikhópinn. Hann tók þátt í fyrsta verkefni ETHOS hér á landi 2014, sem er leikhús heimilislausra, sem Rúnar Guðbrandsson og Ilmur Kristjánsdóttir leikarar leiddu. Þrettán manns fóru á ERROR leiklistarhátíð heimilislausra og annara jaðarhópa í Bratislava, Slóvakíu. Leikhópurinn var með upphafsatriðið á hátíðinni. Kvikmyndafólk fylgdi hópnum og myndbrot frá starfsemi hópsins birtist í kvikmyndinni *Ekki einleikið* sem var frumsýnd 2019 og fjallaði um Ednu Lupitu og geðrænar áskoranir hennar.

Útrás: Markmiðið Útrásar var að auka þátttöku geðfatlaðra á vinnumarkaði, auka skilning og þekkingu á þörfum þeirra og vinna gegn fordómum og mismunun. Útrásarverkefnið hafði verið í

Þróun frá árinu 2010 í samvinnu við geðsviðs LSH undir forystu iðjupjálfans Sylviane Lecoultre. Það ár starfaði hún með hópi notenda sem hafði reynslu af vinnumarkaðnum. Hópurinn greindi hindranir og nauðsynlegan stuðning svo geðfatlaðir ættu afturkvæmt á vinnumarkaðinn. Með styrk frá VIRK 2013 fékk Sylviane, Hlyn Jónasson í lið með sér sem tengilið við vinnumarkaðinn. Hlynur var ráðinn í framhaldinu til VIRK sem IPS atvinnuráðgjafi. Á þessu tímabili óskuðu 30 einstaklingar eftir stuðningi til vinnu. Tólf fengu vinnu og af þeim 39 fyrirtækjum sem haft var samband við voru fimm þeirra sem réðu fólk strax.

Unglinganámskeið: Frá 2012 til 2015 var boðið upp á unglinganámskeið. Markhópurinn voru unglingar á aldrinum 12 – 18 ára sem bjuggu við erfiðar aðstæður á heimilum sínum, voru kvíðnir eða félagsfælnir, eða annað sem gerði það að verkum að þeir nýttu sér ekki almennar félagsmiðstöðvar. Markmiðið var geðrækt í gegnum samveru og þátttöku í fjölbreyttum verkefnum. Guðrún Jóhanna Benediktsdóttir sem byrjaði sem iðjupjálfanemi í Hlutverkasetri og starfaði síðan sem iðjupjálfi á BUGL var ráðin sem verktaki fyrsta árið. Í heildina mættu 39 ungmenni á aldrinum 12 – 17 ára, 20 stelpur og 19 strákar.

FC sækó geðveikur fótbolti: Verkefnið var sett á laggirnar 2013 eftir niðurstöður einnar NSN úttektarinnar. Íþróttasalur fatlaðra var leigður einu sinni í viku. Það voru 15 – 18 einstaklingar sem mættu í hvern tíma. Verkefnið óx í gegnum árin og nú er æft þrisvar sinnum í viku bæði innan húss sem og utan og hefur fótboltavöllurinn í Fífuhammi verið notaður lengst af sem útivöllur.

Mömmuleikni: Soroptimistakonur styrktu sex námskeið frá 2015 til 2018 sem Helga Magnea Þorbjarnardóttir iðjupjálfi sá um. Þau byggðu á fræðslu um tengsl, tengslaeflandi nálgun/iðju og skynúrvinnslu barna 2 - 5 ára. Það voru 17 mæður sem nýttu sér þessi námskeið, flestar einstæðar mæður með töluverð veikindi og áföll að baki og fleiri en eitt barn á framfærslu.

HLUTVERKASETUR/AE STARFSENDURHÆFNING

Grundvallarmarkmið

Meginmarkmið félagsins er að efla virkni fólks og auka lífsgæði þeirra sem misst hafa hlutverk í lífinu, styðja fólk til þess að ná tökum á hlutverkunum á ný eða uppgötva önnur. Leiðir til að ná fram þessum markmiðum eru byggðar á hugmyndafræði líkansins um iðju mannsins (MOHO) með áherslu á valdeflingu. Lögð er til þekking og reynsla jafningja og fagfólks og unnið er út frá jafningjagrunni. Samstarfið byggist á forsendum viðkomandi einstaklings, vilja og áhuga. Virkni er styrkt með ýmis konar iðju, s.s. listsköpun, verkefnavinnu, námskeiðapátttöku og sjálfböðastarfi. Þessi starfsemi fer að mestu fram í virknimiðstöðinni Hlutverkasetri í Borgartúni, sem er starfrækt af AE starfsendurhæfingu. Hluti starfsins fer fram fyrir utan húsnæðið eins og fótboltahópurinn FC sækó, sjósund, líkamsrækt, menningar-, sund- og gönguferðir. Þar að auki eru veitt atvinnutækifæri við að vinna sem jafningi innan setursins, stuðningur við atvinnuleit, aðlögun á vinnustað, auk eftirfylgni þegar við á. Einnig er hægt að fá stuðning við að hefja nám á ný og eftirfylgd á meðan námi stendur.

Stjórn félagsins

Sæunn Stefánsdóttir var formaður stjórnar og Þórólfur Árnason varaformaður. Aðrir í stjórn voru Andri Árnason og Þór Sigfússon. Erik Brynjar Schweitz Eriksson hætti fyrir síðasta ársfund og Sylviane Lecoulte tók við. Elín Ebba Ásmundsdóttir er varamaður. Stjórnin fundaði fimm sinnum á árinu.

Starfsfólk

Árið 2024 störfuðu 10 starfsmenn í tæpum sex stöðugildum í Hlutverkasetri, þau Anna Henriksdóttir, Elín Ebba Ásmundsdóttir, Jón Ari Arason, Kremena P. Demireva, Malva Valkyrja Gimeno, María Gísladóttir, Óskar Ögri Birgisson og Sigurborg Sveinsdóttir. Helga Ólafsdóttir hætti á árinu og hóf störf á Velferðasviði Kópavogs. Helge Snorri og Kjell Þórir tóku þátt í sérverkefnum.

Nemar í vettvangsnámi og nemaverkefni

Hlutverkasetur hefur frá upphafi tekið iðjuþjálfanema í starfsnámi. Nemarnir hafa jafnt verið íslenskir sem og erlendir skiptinemar. Að auki leita nemendur í öðru framhaldsnámi á háskólastigi til Hlutverkaseturs til gagnaöflunar. Tveir iðjuþjálfanemar frá Kanada komu í september og voru í 8 vikur. Þau Elyse Hart og Reise Agnew frá Edmonton, Kanada. Leitað var til Hlutverkaseturs til að fá þátttakendur í rýnihóp um Advance directives sem Ina Rós Jóhannesdóttir var að rannsaka. Markmið rannsóknarinnar er að fá innsýn í viðhorf notenda og fagaðila á notkun meðferðaróska í geðrænni meðferð. Tveir notendafulltrúar tóku þátt í vinnustofu sem tengdist byggingu nýs spítala þar sem sérstaklega var skoðuð uppbygging nýs geðspítala. Eins var leitað til setursins til að finna viðmælendur á Rás 1 í þætti sem nefndust Geðbrigði og fjölluðu um t.d. um jákvæða reynslu af þjónustu, reynslu af innlögn yfir jólin og notendastýrri þjónustu.

Markmið

Markmið Hlutverkaseturs er að aðstoða þátttakendur við að auka lífsgæði sín, komast út á almennan vinnumarkað sé þess kostur, hefja og/eða ljúka námi, finna sér vettvang í hlutverkum sem hafa þýðingu og gildi fyrir þá, eða stunda sjálfböðaliðavinnu. Ríkur þáttur í starfinu er að efla

félagsleg tengsl og rjúfa einsemd. Starfsemin byggir á því að efla trú einstaklinga á eigin áhrifamátt og getu. Að þátttakendur geri sér ljóst að sú iðja sem þeir taka sér fyrir hendur, fólkið sem það umgengst og umhverfisþættir hafi áhrif á heilsu og vellíðan þess. Sérstaða Hlutverkaseturs er sú að öllum er velkomio að taka þátt og/eða hjálpa til, t.d. með því að bjóða upp á námskeið og fyrirlestra. Ekki er þörf á tilvísun frá lækni eða öðrum fagaðilum til þess að mega taka þátt í starfinu. Mæting er á forsendum hvers og eins sem og tímalengd verunnar í Hlutverkasetri.

Námskeið

Í ár voru 53 (54) námskeið haldin á árinu, innan sviga eru tölur frá 2023. Hluti af starfsemi Hlutverkaseturs hefur verið í höndum sjálfboðaliða. Tala virkra sjálfboðaliða var 12 (12). Dæmi um sjálfboðaliðastarf er; súpueldhús, handavinnuhorn, jóga, söngstund, skák, LAN og borðtennis. Þátttaka í fjölbreyttri listsköpun skipar stóran sess. Fjallað verður ítarlega um myndlistina hér að neðan. Dæmi um námskeið: Leiklist/spuni. Dans, jóga-leikfimi, fótbolti, LAN, tölvusamspil, sund, gönguhópur, handavinnuhorn, sjósund, skák, súpueldhús, tónlistarklúbbur, fjölbreytt listanámskeið og tölvuaðstoð.

Listanámskeið

Listnámskeið voru fjölbreytt yfir árið. Þau voru 14 og 98 (90) manns nutu leiðsagnar Önnu Henriksdóttir í listasmiðjunni. Alla daga vikunnar var boðið upp á listanámskeið. Smíðurnar í ár voru: teiknikennsla, málun, vatnslitamálun, leir, leðurgerð, þrykk, bókagerð, skrautskrift, módelteikning, stuttmyndagerð, kortagerð, opin smíðja, saumar og hekl. Á föstudögum sá Malva Valkyrja um opna smíðju og bauð upp á páskaskraut, hrekkjavökuskraut, jólakortagerð og jólaskraut, allt eftir árstíðum.

Leikmyndagerð var sett upp í tengslum við leiksýningu *Helvíti er annað fólk...eða næstum því*, sem sýnd var í Hlutverkasetrinu í lok október. Leikverkið var samið af Sophiu AGK Neuman. Verkið fjallaði um upplifun og þroskaferli hennar við að tengjast Hlutverkasetri. Þar fengu margir að spreyta sig í tengslum við leiksýninguna; í leikmyndamálun, skuggabruðugerð, leikmunagerð og búningasköpun. Auk þess að setja upp leiktjöld, lýsingu og hanna leikmynd. Alls komu 26 einstaklingar að undirbúningi og uppsetningu leikritsins. Verkið var sýnt einu sinni og gestir voru aðstandendur og sérstakir gestir sem var boðið. Sýningin tókst afar vel.

Innanhússýningar: Þetta árið var ekki lögð áhersla á að finna húsnæði fyrir sýningar utanhúss en áhersla lögð á að sýna reglulega innanhúss í staðinn. Þann 15. janúar opnaði sýningin *Kiddi og kátu kellingarnar* þar sem Kristinn Arinbjörn Guðmundsson sýndi ásamt Maríu Gísladóttur og Önnu Henriksdóttur málverk og klippimyndir sem þau höfðu unnið í samvinnu undir áhrifum frá fyrri verkum Kristins. Boð barst síðan frá *List án landamæra* um að sýna verk um haustið og voru nokkrar myndir valdar frá sýningunni sem sýnd var á Hverfisgötunni.

Guðrún Auður Hafþórsdóttir Byrd sýndi yfir sumarmánuðina og fram til september teikningar, vatnslitaverk og málverk.

Björg Anna Björgvinsdóttir og **Steingerður Axelsdóttir** sýndu saman teikningar, vatnslitaverk og málverk í september.

Leiklist/spuni

Spuni (4-6) gefur fólki tækifæri að spreyta sig í alls kyns aðstæðum. Innan sviga eru fjöldi þátttakenda í hvert skipti. Spuni þetta árið var í höndum eins starfsmans sem kemur frá íbúðakjarna og er dæmi um samvinnu á milli íbúðakjarna og Hlutverkaseturs. Þessir tímar féllu niður eftir sumarfrí þar sem starfsmaðurinn fór í nám.

LAN

LAN (4-5) er tölvuleikur í rauntíma leikinn með samtengdum tölvum. Kjell þórir ásamt einstaklingum sem stunda Hlutverkasetur hafa boðið upp á LAN 1 x 2 sinnum í viku.

Skák

Hörður Jónasson, gestur frá Vin, mætir einu sinni í viku og kennir skáklistina, sem hluta af samstarfi á milli staðanna (4-6). Flestir sem mæta í skákklúbbinn búa í íbúðakjörnum á vegum Reykjavíkurborgar og hafa verið virkir í skák í Vin.

Tungumálanámskeið og Grúskarinn

Spænsku og frönskukennsla (3-10). Malva og Sylviane hafa haldið utan um þessa tíma. Kennt var einu sinni í viku. Aðaláherslan var á að hafa gaman; hlusta á tónlist, horfa á myndir og læra einstaka orð og setningar til að bjarga sér. Kennarar kenna á sínu móðurmáli. Franskan var fram á haust og í staðinn fyrir frönsku bauð Sylviane upp á grúsk. Þátttakendur stungu upp á efni sem krufið var til mergjar. Efni eins og páfagaukar, svefnvenjur í mismunandi löndum, hrekkjavaka, Aspasia grísk kona sem var upp 400 f. Kr. þorp í Frakklandi sem vofulegir atburðir gerðust í seinni heimstyrjöldinni, leðurblökur og steppdans eru dæmi efni sem tekin hafa verið fyrir.

Söngur

Söngstund var einu sinni í viku (4-8). Tekin voru fyrir þekkt lög með gítarspili. Anna Greta sér um þessa tíma.

Spil

Boðið var upp á borðspil alla daga vikunnar (3-7). Ýmis spil voru spiluð. Nokkuð stöðugur hópur hefur stundað spil reglulega og sumir koma einungis til að taka þátt í því. Jón Ari og Óskar hafa séð um þessa tíma.

Jafningjaspjall

Jafningjaspjall hélt áfram einu sinni í viku sem Sigurborg og Berglind sáu um (3-6).

Karlahópur

Pétur sér um karlahóp einu sinni í viku þar sem mismunandi málefni eru tekin fyrir sem er á döfinni hverju sinni (4-7).

Saumar

Kremena sér um sauma tvisvar í viku. Hún aðstoðar fólk við léttan saumaskap og viðgerðir (1-2). Saumastofan tók einnig þátt í að hanna og útfæra vörur sem voru seldar á jólamarkaði List án landamæra og eins var saumað fyrir leikverk Sophiu.

Hreyfing dans og jóga

Jóga og Zumba (4-10) var fjórum sinnum í viku sem Anna Margrét og Kremena héldu utan um.

Tölvunámskeið fyrir byrjendur

Námskeið (2-4) í notkun tölvu, umhverfi hennar og möguleikum. María sá um þessa tíma.

Ýmsar upptakomur

Trausti Ólafsson, hélt fjögur psykodrama námskeið, tvö á vorönn og tvö á haustönn. Þátttakendur voru samtals 16.

Guðmundur Arnar Sigursson heimspekikennari kom einu sinni í mánuði og stýrði heimspekilegum umræðum (8-12). Ýmsum hliðum var velt upp um mannlegt eðli.

Björgvin Frans Gíslason leikari (28) var með fyrirlestur sem nefndist *Okið undan sjálfum mér*.

15 ára afmæli. Haldið var upp á að 15 ár voru síðan að Hlutverkasetur flutti í Borgartún 1. Pantaðar voru afmæliskökur og haldin veisla. Um 45 manns kíktu inn af tilefninu.

Diskódagur. Rýmið var skreytt í anda sjöunda áratugsins, brauðtertur og ídýfur eins og þá voru í tísku voru boðnar fram. Fólk klæddi sig í sama anda og dansað var diskó allan daginn. Um 20 manns mættu og tóku þátt.

Leiksýning. 25 manns tóku þátt í leiksýningu sem sýnd var þann 30. okt við góðar undirtektir. Notaðar voru leikbrúður, stop-motion myndir, skuggamyndir leiktjöld og leikarar.

Hrekkjavökupartý var haldið í október þar sem ýmsar furðuverur vöknuðu til lífsins og krydduðu upp á tilveruna. Þátttakendur voru um 25.

Öskudagssprell og rauðir dagar allir klæddust sig í rauðu tiltekna daga í kringum öskudag og tiltekna daga í desember til að brjóta upp hversdagsleikann.

Fly over Iceland og Flatbakan. Allir sem tóku þátt í *Fíflast með fíflum* á vegum Lista án landamæra og sölusýningum þeim tengdum og upptakomum í Menningarhúsinu í Kópavogi 2023 (20) var boðið í Fly over Iceland og að borða á Flatey á eftir.

Geðhjálp hélt 4 fræðslufundi í Hlutverkasetri á árinu.

Litlu jólin voru haldin í desember þar sem söngur og leikgleði léku aðalhlutverkið. Lúðrasveit mætti, samsöngur tekinn, látbragðsleikur og dagurinn endaði með allsherjar hópðansi þeirra sem mættu yfir daginn. (55)

Basar. List án landamæra var með Basar á Hverfisgötunni helgina 2. til 3. nóvember (10). Munir sem urðu afgangs í tengslum við *Fíflast með fíflum* voru á meðal verka sem voru til sölu.

Jafningjanámskeið. Tvö jafningjanámskeið sem Intentional Peer Support (IPS) héldu í umsjón Trausts kjarna voru haldin í Hlutverkasetri. Hvert námskeið er um 40 klst. og voru frídagar og helgar nýttar.

Jafningjahittingur. Hálfsmánaðarlega eru haldnir fundir á vegum jafningja sem lokið hafa fyrsta IPS námskeiði. Þar er hist til að rifja upp fræðin og styðja hvort annað í nýjum hlutverkum.

Skemmtanir. Í október voru allir veggir þaktir af hrekkjavökumyndum og diskómyndum og í desember komu inn jólamyndir þegar hrekkjavökumyndirnar voru teknar niður. Ýmsir listamenn höfðu lagt til myndir og hæfileikar þeirra fengu að njóta sín á veggjum Hlutverkaseturs.

Heimsóknir og vettvangsferðir í Hlutverkasetur

Fjölmarginir starfsmannahópar og einstaklingar koma á hverju ári til að kynna sér starfsemina í faglegu tilliti eða til að auka samstarfið á milli staða. Einnig hafa stórir sem smáir hópar komið erlendis frá. Þetta árið komu starfsmenn frá VMST frá 2 deildum (16). Starfsmenn (11) frá Reykjavíkurborg komu í kynningu og skjólstæðingar (16) á Virkni húss á vegum Reykjavíkurborgar. Nemar í iðjubjálfun komu einnig til að kynna sér starfsemina. Fulltrúar geðheilbrigðisúrræða frá Póllandi komu í heimsókn og kynntu sér starfsemina. Tveir komu frá KIM Sentret frá Þrándheimi og kynntu sér jafnframt IPS og það sem Traustur kjarni hefur staðið fyrir síðast liðinn 2 ár. Hópur frá Tékklandi sem kom hingað til lands til að vera á IPS námskeiði, kom til að kynna sér jafningjanálgunina og verkefni jafningjastarfsmanna.

Árangursmat

Úttektir og mat á árangri Hlutverkaseturs eru starfseminni mikilvæg. Iðjubjálfanemar í starfsnámi frá heilbrigðisvísindasviði HA og erlendir iðjubjálfanemar, hafa lagt árangursmat fyrir notendur Hlutverkaseturs sem hluta af sínu starfsnámi í gegnum árin. Matsaðferðir hafa verið fjölbreyttar s.s. viðtöl, spurningalistar, rýnihópar o.fl. Úrvinnsluaðferðir eru ýmist eigind- eða meginlegar. Í ár tóku kanadíska iðjubjálfanemarnir viðtöl við jafningjastarfsmenn sem höfðu lokið Intentional Peer Support (IPS) námskeiði. Meirihluti starfsmanna í Hlutverkasetri eru jafningjastarfsmenn og flestir hafa lokið tveimur námskeiðum á vegum Trausts kjarna sem heldur þessi námskeið hér á landi. Í viðtölunum var athugað á hvern hátt það hefði haft áhrif á þá persónulega, í starfi, á starfsemi Hlutverkaseturs og framtíðarsýn þeirra.

Niðurstöður: Markmið viðtalanna var að kortleggja persónuleg og fagleg áhrif Intentional Peer Support (IPS) þjálfunar á jafningjastarfsmenn. IPS er jafningjastuðningur, þar sem tengsl eru byggð á sameiginlegum vexti og lærdómi frekar en hefðbundinni einhliða aðstoð. Tengslin eru í mótsögn við hefðbundin tengsl þar sem annar er í hjálpara/aðstoðar hlutverki og hinn þiggur/tekur við. Tengslin eru samstarf þar sem báðir leggja eitthvað af mörkum og njóta afrakstursins. IPS tengsl hvetja einstaklinga til að íhuga hvernig þeir skynja upplifun sína og hvetja þá til að skapa í sameiningu ný sjónarhorn og nýjar aðferðir til að fást við lífsins ólgu sjó. Með því að skoða áhrif IPS þjálfunar var ætlunin að fá fram hvernig sú þjálfun hefur haft áhrif á bæði starf og proska viðmælanda. Eigindleg viðtöl voru tekin við sex þátttakendur. Viðtölin tóku hálf tíma og voru svörin handskrifuð og hljóðrituð, með upplýstu samþykki þátttakenda, til að tryggja nákvæmni. Því næst voru þemu greind úr svörum þeirra.

Persónuleg áhrif: Margir þátttakenda lýstu töluverði breytingu á persónulegu sjónarhorni, sérstaklega á því hvernig þau nálgast aðra og hvernig þau mynda og rækta tengsl. Þeim fannst þau ekki eins viðkvæm (hvarfgjörn), urðu opnari, og nálgun þeirra byggði oftar á samvinnu. Þessi nálgun hvatti þau til að skilja annara sjónarhorn áður en þau bregðast við þeim. Nálgunin innibær einnig mildari nálgun á þau sjálf og mikilvægi þess að átta sig á að neikvæðar tilfinningar eru eðlilegar. IPS þjálfunin hafði valdeflt viðmælendur á þann hátt að þau áttu auðveldara með að setja mörk og finna sameiginlega fleti og að það er gagnkvæm ábyrgð og samvinna að skapa góð tengsl. Einn viðmælendinn nefndi að í þessari nálgun er í lagi að deila eigin líðan í samtölum og það væri á engan hátt sjálfhverft að forgangsraða eigin þörfum. Lærdómurinn um virka hlustun hafði leitt t.d. til betri tengsla og dýpri skilning á sjónarhorni ástvina þeirra. Samskipti við eigin fjölskyldumeðlimi hafði því einnig breyst til betri vegar.

Þjálfunin hafði einnig hjálpaði þeim að nálgast fyrrum erfið samskipti með opnari huga. Til dæmis höfðu margir lært að takast á við valdaójafnvægi, eins og milli barns og foreldris, nú með áherslu á sameiginlega ábyrgð. Sjálfstraustið jókst þegar að þau fundu að þau væru á réttari leið. Margir þátttakenda upplifðu að IPS þjálfun hefði gert þau stolt af reynslu sinni. Einn viðmælenda hélt því fram að IPS hefði verið lífsbreytandi, *breytti lífi mínu og ég hef séð það breyta lífi annara*.

Starfstengd áhrif: Svipað og persónulegu áhrifin þá upplifðu viðmælendur að IPS aðferðin hjálpaði þeim að verða skilningríkari gagnvart reynslu annara. Sumir þátttakenda lögðu áherslu á að IPS hefði kennt þeim að skilja, á heilbrigðan hátt, sjónarhorn sitt frá sjónarhorni annara. Í staðinn fyrir að staðfesta eða afneita veruleika annara, þá eru þau opnari og sýndu meiri skilning á að veruleiki fólks er mismunandi. IPS styður einnig við áfallamiðaðan skilning á reynslu fólks og hvað það hefur gengið í gegnum. Slík nálgun styrkir stoðir hugmyndarinnar um sameiginlega ábyrgð og minnkar valdaójafnvægi á milli þjónustuþega og fagfólks. Mörgum þykir IPS valdeflandi í samanburði við hefðbundna nálganir eins og tíðkast innan sjúkrahúspjónustunnar. Hlutverkin breytast frá því að annar er í hjálparhlutverki yfir í að báðir aðilar læri af hvor öðrum. Einn viðmælenda nefndi að þessi hefðbundna nálgun, þ.e.a.s. *Ég er veikur og þú þarft að hjálpa mér*, leiði oft til óvirkni, þar sem einstaklingar upplifa hjálparleysi gagnvart heilsu sinni. Hins vegar eflir IPS þjálfun þá taka í stjórnartauminn á meðferð sinni og hvetur þá til aukinnar sameiginlegrar ábyrgðar beggja aðila. Einnig nefndu viðmælendur að IPS þjálfunin hefði gefið þeim tungumál og verkfæri til að nýta sér hæfileika og aðferðir, sem þau væru þegar að nota í starfi sínu, betur.

Mikilvægi stuðnings/handleiðslu: Þátttakendur höfðu einnig orð á mikilvægi þess að fá stuðning og/eða handleiðslu frá öðrum sem fengið hafi IPS þjálfun, sérstaklega í krefjandi aðstæðum. Þau nefndu að þau kunnu að meta möguleikann á að spegla sig við jafningja, sem hjálpaði þeim að vinna úr erfiðum upplifunum og koma í veg fyrir kulnun.

Hindranir og tillögur: Flestir nefndu ýmsar hindranir fyrir útbreiðslu IPS hugmyndafræðinnar, sérstaklega fjárhagslegar og kerfislegar ástæður. Einn viðmælenda lýsti skoðun sinni að heilbrigðiskerfið í heild væri ekki tilbúið að styðja við svona jafningjastarf, þar sem slík nálgun ógnaði valdahlutföllum og fagfólki fyndist kannski að þeirra valdsviði yrði ógnað. Í þrepaskiptu umhverfi eins og á sjúkrahúsum eða stífu umhverfi eins og hjá hinu opinbera, telja þátttakendur ólíklegt að módel eins og IPS fái þrífist. Árekstrar yrðu á milli vinnutengdra reglna og hugmyndafræði IPS.

Viðmælendur komu einnig með tillögur til að bæta IPS þjálfunina sjálfa. Mörgum fannst ein vika af krefjandi námi væri full stutt tímabil. Þeir hefðu viljað sjá þjálfunina dreifða yfir lengra tímabil þar sem þau gætu jafnt og þétt tileinkað sér nýjar aðferðir

Einn viðmælenda hafði á orði að það væri mikilvægt að viðhalda jafnvægi. Þó að IPS hristi upp í valdahlutföllum þá ætti þjónusta fagfólks ekki að vera gerð tortryggileg. IPS byði upp á öðruvísi sjónarhorn, þ.e.a.s. upplifun og reynslu notenda, sjónarmið fagfólks yrðu alltaf nauðsynlegur hluti af heildrænni nálgun.


Samantekt: Þessi athugun varpar ljósi á áhrif IPS þjálfunar á líf og störf jafningja. IPS gefur grunn að einstökum ramma til að vaxa í lífi og starfi. Jafnframt eru þau valdeflandi í ræktun mikilvægra, gagnkvæmra tengsla. Þjálfunin hefur gert þátttakendur opnari, samvinnufúsari, hæfari í að setja mörk og að tileinka sér sameiginlega ábyrgð. Í starfi sínu, hefur þátttakendum hlotnast verðmætt

verkfæri til að viðhalda góðum og heilbrigðum aðskilnaði á milli sjónarhorns síns og annara. Ýmsar kerfislegar hindranir ógna þó framgangi hugmyndafræðinnar.

Samningur við Vinnumálastofnun

Samningurinn á milli Vinnumálastofnunar og Hlutverkaseturs hefur tvíþætt markmið. Í fyrsta lagi stendur úrræðið til boða þeim sem standa höllum fæti vegna skorts á grunnmenntun eða annarri hæfni og hafa því færri atvinnutækifæri. Í öðru lagi að aðstoða einstaklinga með geðraskanir til þess að komast út á vinnumarkað eða finna annað starf/hlutverk við hæfi t.d. með því að mennta sig frekar. Úrræðið hentar vel þeim sem vilja auka lífsgæði sín og virkni t.d. langveikum. Starfsemin er kynnt tvisvar í viku en að auki er tekið á móti fólki í kynningu utan auglýst tíma. Fyrir árið 2024 var fjöldinn svipaður og árið á undan. Heildarfjöldi þeirra sem skráðir voru á vegum Vinnumálastofnunar og uppfylla skilgreiningu þjónustuflokka 1–5 voru 150 (166) einstaklingar. Í hverjum mánuði komu 62–106 einstaklingar (55–83). Samantekt á mætingu og flokkun má sjá á töflu hér að neðan.

Einstaklingar sem þurfa mikinn stuðning tilheyra efstu flokkunum og svo eftir sem þörf á stuðningi minnkar, lækkar flokksnúmerið. Meirihluti þátttakenda í Hlutverkasetri voru í þjónustuflokki 1–5. Gögnin sýna hvernig samfélagsþátttaka þeirra sem hafa nýtt sér þjónustuna eykst. Þátttakan leiðir yfirleitt til meiri virkni einstaklinga sem leiðir af sér meiri áhugahvöt og vilja til þátttöku úti í samfélaginu. Margir halda áfram að nýta sér Hlutverkasetur sem bakland. Alltaf eru einhverjir sem þurfa eftirfylgd af starfsfólki Hlutverkaseturs til stuðnings við nám, atvinnuþátttöku, hjálparstörf o.fl.




Árið í tölum

Það voru samtals 172 þátttakendur hjá Hlutverkasetri á árinu 2024. Þar að auki mættu 173 í kynningu á árinu. Heildarmæting fyrir árið er því 345 einstaklingar. Það voru 43 einstaklingar sem mættu 10 eða fleiri mánuði á árinu, þar af 24 þátttakendur alla mánuði ársins. Það hættu 26 einstaklingar mætingu á árinu. Í viðauka kaflanum hér að neðan má sjá gögnin í töfluformi fyrir alla undirkafla sem hér fylgja.


Tilvísanir

Langflestir þátttakendur koma á eigin vegum, 51% (52%) en töluvert er um að þátttakendur tilkynni ekki hvaðan þeir koma 10%. Aðrir fagaðilar voru 39% (t.a.m. geðsviði LSH, Geðheilsuteyma heilsugæslunnar og Virk). Þetta eru mjög svipaðar tölur og frá árinu 2023.




Kyn

Kynjahlutfallið breyttist lítillega á milli ára, hlutfall karla jókst, en 87 einstaklingar skilgreindu sig sem karlkyns 51% (43%). Hluti kvenna minnkaði að sama skapi, 48% (55%). Fjöldi þeirra sem skilgreina sig öðruvísi er 2 einstaklingar bæði árin, eða um 1%.



Aldur

Flestir þátttakendur er á aldrinum 40 til 59 eða 48% (53%). Fækkun varð hjá yngsta hópnum, 18-29 ára, sem mælist nú 7% (13%).




Heimabæjarfélag

Flestir þátttakendur koma frá Reykjavík 63% (79%).

Frá Kópavogi koma 6% af mætingu (7%) og frá Hafnarfirði mæta 5% (5%).


15% þátttakenda gefa ekki upp heimilisfang eða heimabæjarfélag.

Heimabæjarfélag



Framfærsla

Langflestir þátttakendur eru örorkubótum 58% (57%). Á endurhæfingarlífeyri eru 17% (20% í fyrra).



Samningur við Reykjavíkurborg

Samningur AE starfsendurhæfingar / Hlutverkaseturs og Reykjavíkurborgar var gerður til þriggja ára 2022 - 2024. Skipting styrksins á milli verkefna er samkomulagsatriði og gerð í samráði við þjónustukaupanda eins og gert hefur verið síðastliðin ár. Reglulegir fundir voru við tengiliði velferðarsviðs sem tengdust jafningjastarfsmönnum, kynning á þeim og eins var haldinn einn kynningarfundur fyrir forstöðumenn. Samningurinn fyrir árin 2022-2024 var svohljóðandi: Fræðsla, ráðgjöf og jafningjastuðningur, atvinnuþátttaka og/eða önnur samfélagsþátttaka.

Fræðsla, ráðgjöf og jafningjastuðningur

Haldið var áfram að virkja starfsmenn til að taka að sér verkefni í Hlutverkasetri til að virkja íbúa með sér. D&D hélt áfram með einum starfsmanni sem vinnur í íbúakjarna og mættu á milli 9 til 12 manns í hvert skipti vikulega sem spiluðu í rúma þrjá klukkutíma. Þetta er verkefni sem einn forstöðumaður íbúakjarna stakk upp, að myndi henta mörgum íbúum og væri innan þeirra áhugasviðs. Hann fékk einn starfsmann íbúakjarna í lið með sér og hefur verkefnið gengið framar vonum. Fleiri slík verkefni væri hægt að koma á. Enn er ekkert ferli komið á til að umbuna starfsmönnum sem tilbúnir eru í svona verkefni. Fundað hefur verið nokkrum sinnum með yfirmönnum velferðarsviðs sem eru sama sinnis en engin farvegur kominn enn. Því verður uppskeran minni þar sem þetta er algjörlega undir áhugasömum starfsmönnum komið og velvilja forstöðumanna að gefa þeim rými að mæta á tilteknum tímum í Hlutverkasetur ef það rekst á vaktir hjá þeim. Til að halda stöðugleika þurfa starfsmenn líka að mæta í sínum frítíma. Áhugasamur starfsmaður úr öðrum kjarna hefur komið með einn íbúann á D&D og eins til að tefla. Þeir hafa undirbúið saman að koma á stærðfræðinámskeiði í Hlutverkasetri. Þetta er dæmi um áhugasaman starfsmann sem er tilbúin að leggja extra á sig til að tengja íbúa við iðju sem þeir hafa sýnt áhuga á. Til að styðja við góða starfsmenn sem taka frumkvæði og eru tilbúnir að vera til staðar með íbúanum þarf að umbuna á einhvern hátt.

Forstöðumenn verða að styðja við verkefnið með að senda starfsmenn og finna áhugasama íbúa, annars gerist ekkert. Við erum tilbúin en þurfum stuðning forstöðumanna þar sem við höfum ekki forræði yfir starfsmönnum né vitum af áhugasömum íbúum eða starfsmönnum.

Hlutverkasetur byrjaði aftur að senda einn starfsmann einu sinni í viku í Klúbbshúsið í Grafarvogi sem tekur skjólstaðing með sér. Báðir eru fyrrverandi tónlistamenn. Spunatímar féllu niður eftir sumarfrí þar sem starfsmaður hóf nám og enginn kom í staðinn. Þeir voru tveir í upphafi en annar fann ekki stuðning frá sínum yfirmanni að mæta og halda áfram.

Notendur frá Hlutverkasetri hafa mætt í Íþróttahús fatlaðra tvisvar í viku. Þetta tókst mjög vel og skjólstaðingar frá geðheilsuteymi vestur mættu líka ásamt íþróttfræðing sem starfar þar. Sá sem sá um þetta verkefni var ráðgjafi á vegum vettvangsgeðteymis Reykjavíkurborgar. Í desember hætti starfsmaðurinn og ekki er vitað hvernig framhaldið verður.

Atvinnuþátttaka og/eða önnur samfélagsþátttaka

Frá áramótum hafa 22 (25) einstaklingur verið skráðir hjá Reykjavíkurborg í tengslum við samfélagsþátttöku. Innan sviga eru tölur frá 2023. Um er að ræða 16 (18) karla og 5 (7) konur og einn einstaklingur sem skilgreinir sig sem annað. Að auki hefur Sylviane Lecoulte aðstoðað nokkra einstaklinga sem eru ekki í ofangreindum tölum. Það er fólk af erlendum uppruna sem

ekki hefur vald á ensku né íslensku en talar frönsku. Hún hefur fylgt fimm einstaklingum eftir í tengslum við atvinnuþátttöku.

Virkni utan Hlutverkaseturs

Hreyfing: Gönguferðir voru farnar frá Hlutverkasetri þrisvar sinnum í viku (3-7). Sundhöllin var einnig nýtt einu sinni í viku sem og Nauthólsvíkin til sjósunds (2 – 6).

Bíóferðir: Farið var einu sinni í viku í Bíó Paradís. Björgvin sá um þær ferðir og sá til þess að sem flestir fengu notið góðs af. Fjórir fá að koma með í hvert skipti sér að kostnaðarlausu.

Leikhús, menningarferðir o.fl.: Nokkrir íbúar frá íbúakjörnum sem mæta ekki reglulega í Hlutverkasetur eru leikhúsvinir. Það þýðir að ef Hlutverkasetri eru boðnir miðar í leikhús þá er haft samband við þá. Hlutverkasetur hefur notið áframhaldandi góðvildar bæði Þjóðleikhússins og Borgarleikhússins á árinu. Um er að ræða boð á lokaæfingar eða sýningar sem ekki er uppselt á. Fyrirvarinn er því oft stuttur en alltaf hefur náðst góð stemming og vel mætt. Við erum þakklátt fyrir þetta tækifæri til að vera virk í menningarlífinu, njóta þeirra geðræktar sem í þessu felst og geta tekið þátt í umræðum um sýningar sem vekja umtal.

- Borgarleikhúsið: *Allt sem er frábært* (53). Sýslumaður dauðans (45).
- Þjóðleikhúsið: *Taktu flugið í Kassanum* (15). *Saknaðarilmur í Kassanum* (17) og *Yerma* (45).
- Háskólabíó: *Tindersticks* (21).

Menningarmargfætlan: Fór í mánaðarlegar skoðunarferðir á söfn og ávallt með fimm til tíu manna hóp meðferðis. Hópurinn sá Núlleyjuna á Kjarvalsstöðum, hann fór í Árbæjarsafn, í Hafnarhúsið, Ásmundarsafn, Varðskipið Óðinn, Landnámssýninguna í Aðalstræti og yfirlitssýningu Hallgríms Helgarsonar á Kjarvalsstöðum. Auk þess var farið með hóp á vatnslitasýninguna í Gallerí Gróttu en þar áttu bæði Anna og María myndir á sýningunni, því þær eru báðar í Vatnslitafélagi Íslands.

Matarklúbbur: (7-10) héldu áfram á árinu. Hópurinn stækkaði og áherslur ólíkar þannig að það urðu tveir matarklúbbur í gangi. Farið er einu sinni í mánuði út að borða. Facebook hópur þar sem kemur fram stað og stund er tilkynntur í byrjun hvers mánaðar. Hóparnir er sjálfstæðir.

Saumaklúbbur (6). Nokkrar konur sem hafa kynnst í Hlutverkasetri í þrjónahópnum, hittust einu sinni í mánuði heima hjá hverri annarri og þrjóna og njóta félagskapar.

Fótboltaverkefnið FC Sækó

Fótboltaverkefnið FC Sækó, geðveikur fótbolti er fyrir konur og karla sem glíma við geðrænar áskoranir og aðra áhugasama. Verkefnið er afrakstur af einni NSN úttektni 2011 og er samstarfsverkefni á milli Hlutverkaseturs, Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar og geðsviðs Landspítalans. Æft var 3 sinnum í viku. Um tíu fótboltaáhugamenn eru virkir og mæta flestir einu sinni í viku. Tveir úr hópnum hafa séð alfarið um aðra æfinguna og í sumar tóku þeir yfir báða tímuna. Út frá fótboltanum hafa myndast tengsl og þátttakendur hafa farið saman í bíó, keilu og fleira. Það var 12 manna hópur frá FC Sækó sem fór til Rómar á Dream Euro Cup 2024 til að taka þátt í fyrsta Evrópumeistaramótinu í fótbolta fyrir fólk með geðræn vandkvæði. Þetta var fimmta ferð Sækó erlendis, fyrst til Skotlands 2014, 2024, til Englands 2016, til Noregs 2018. Í fyrri ferðum hafa 18 – 25 liðsmenn verið með.

Samstarf við önnur úrræði og félagsamtök

Hlutverkasetur leggur metnað sinn í að eiga í góðu samstarfi við önnur úrræði og stofnanir til að þekking nýtist sem best á milli staða og til að meiri samfella og stuðningur sé við einstaklinga á milli úrræða. Eins hefur Hlutverkasetur tekið þátt í verkefnum sem hafa samfélagslegt gildi.

Samstarf við geðsvið LSH. NSN verkefnið hélt áfram á árinu. Ekki hefur tekist að finna form til að nálgast viðmælendur svo það var áfram hindrun á árinu. Sigurborg Sveinsdóttir leiðir verkefnið og með henni eru Jón Ari, Berglind og Malva. Verkefnið er tilraunaverkefni og í upphafi verða tvær deildir í úrtakinu. Markmið verkefnisins er að ná auknum gæðum í geðþjónustunni með því að kanna hvað er gæðapjónusta að mati þeirra sem hafa þurft að nota þjónustuna. Með því að afla upplýsinga á jafningjagrunni er hægt að fá fram hvað það er sem notendum þjónustunnar finnst vera styðjandi við bata og hvað mætti gera betur. Þannig að notendur geti raunverulega haft áhrif á þróun og breytingar innan geðþjónustunnar.

Samstarf við Batamiðstöðina varðandi leiklistarþátttöku sem þeir tengjast í gegnum Evrópuverkefni sem þau eru hluti af.

Samstarf við búsetukjarna Reykjavíkurborgar. Samstarf heldur áfram og enn er verið að reyna að virkja starfsmenn svo þeir geti tengst Hlutverkasetri með skjólstæðingum út frá eigin áhugamálum og virkjað þannig íbúa.

Samstarf við Vin. Einn félagi úr Vin, Hörður Jónasson kom einu sinni í viku og kenndi skák. Það samstarf hélst nokkuð reglulegt yfir árið. Í upphafi voru þeir tveir en annar datt úr lestinni.

Samstarf við Samkaup. um málefni sem snúa að minni matarsóun og nýta það til góðs fyrir þátttakendur í Hlutverkasetri. Markmiðið er að minnka matarsóun og stuðla að samfélagslegri ábyrgð. Birgir hefur verið tengiliður við þetta verkefni.

Samstarf við KPT Senteret í Þrándheimi. Samstarf hefur verið í mörg ár milli KPT sem er notendastýrð þjónusta í Þrándheimi og Hlutverkaseturs í tengslum við NSN úttektir og aukin áhrif notenda í þróun þjónustu.

Intentional Peer Support / Traustur kjarni. Þessi aðferð tengist notendastarfsmönnum og býður upp á styttri námskeið en ekki formlegt nám. Fimm starfsmenn með notendareynslu sem vinna í Hlutverkasetri sóttu fyrsta námskeiðið hjá þeim 2023 og fjórir af þeim fóru á framhaldsnámskeið. Traustur kjarni hélt 2 námskeið í Hlutverkasetri og þeir sem eru útskrifaðir og vilja hittast til að fá stuðning og fara ítarlegra í fræðin hittast hálfsmánaðarlega í setrinu. Hlutverkasetur var með í umsóknum um samstarfsverkefni með Traustum kjarna og erlendum aðilum. Hlutverk Hlutverkaseturs í þeim umsóknum er að veita ráðgjöf í tengslum við reynslu af jafningjastarfsmönnum.

Endurmenntun, nefndarstörf, kynningarmál og þátttaka á málþingum

Áhersla er lögð á að starfsfólk Hlutverkaseturs sinni endurmenntun með ýmsum hætti. Ráðstefnur, fræðslu og málþing og nú bjóðast einnig námskeið á netinu. Tveir frá Hlutverkasetri voru í nefnd Alþjóða geðheilbrigðisdagsins 10. okt. Af því tilefni var vegleg dagskrá í Bíó Paradís. Snorri sem tengst hefur Hlutverkasetri í mörg ár með námskeiðum og sem hluti af leikhópinu sá um eitt tónlistaratriðið.

Anna Henriksdóttir hélt utan um allar uppákomurnar sem listahópurinn tók þátt í tengslum við List án Landamæra á árinu. Hún fór á endurmenntunarnámskeið í vatnslitun í júní hjá Myndlistaskóla Kópavogs og Vatnslitafélagi Íslands og einnig á brúðulistahátíð á Hvammstanga í júlí. Hún setti upp sýninguna *Kiddi og kátu kerlingarnar* á vegum List án landamæra í september á Hverfisgötunni. Hún fór á Erasmus kynningu hjá Rannís í desember ásamt Maríu. Anna var beðin um að vera með listasmíðju fyrir börn í Bókasafni Kópavogs, Lindarsafni eina helgi í byrjun mars. Þar var kennt að búa til fugla, fiska, fiðrildi og froska. Nokkrir þátttakendur í Hlutverkasetri aðstoðuðu hana og fengu þannig mikilvæg hlutverk. Hún og María lögðust í verkefnavinnu í fimm daga í mars þar sem þær undirbyggðu fjölbreytt verkefni fyrir haustið.

María Gísladóttir opnaði vefsíðu á árinu sem ber nafnið *Ravenshill Art* þar sem hún kemur listaverkunum sínum á framfæri. Hún ásamt Önnu fór á kynningu hjá Erasmus og fór með henni út á land að undirbúa verkefni fyrir haustið.

Anna, María og Helga fóru á safnanótt í Ásmundarsal til að taka þátt í módelteiknun.

Elín Ebba Ásmundsdóttir hélt áfram í stjórn Geðhjálpar og tók þátt í mörgum nefndum, fundum og viðburðum í tengslum við það. Hún, sem varaformaður Geðhjálpar, sat tvo fundi í nýstofnuðu Geðráði. Hún var í hóp sem gerði skýrslu um hlutverk veitenda geðheilbrigðisþjónustu á vegum heilbrigðisráðuneytisins, sat fund með forsætisráðherra vegna beiðni um rannsókn á aðbúnaði og meðferð fullorðins fólks með þroskahömlun og fólks með geðrænan vanda og sat fundi með félags- og vinnumarkaðsráðherra vegna heildarendurskoðunar á örorkulífeyri. Hún sat samráðsfundi um setu Íslands í Mannréttindaráði S.Þ. sem er samráð milli stjórnvalda og frjálsra félagasamtaka í tengslum við setu Íslands í mannréttindaráðinu. Hún tók þátt í herferð Geðhjálpar um landið og fór með þeim á Egilsstaði, Höfn, Vík og Vestmanneyjar þar sem talað var um mikilvægi geðræktar. Hún var með þegar Geðhjálp tók þátt í *Fundi fólksins* í Hörpunni í lok nóvember. Hún var fulltrúi í Samráðsvettfangi geðúrræða á landsvísu og heimsótti Björgina á Suðurnesjum og sat fundi með heilbrigðisráðherra og félags- og vinnumarkaðsráðherra í tengslum við að skapa ný atvinnutækifæri fyrir jafningja, koma á notendastýrðu skjólshúsi, og sérskipulögðu leiðtogahæfninámi fyrir jafningja í samstarfi við háskólann í Yale sem nefnist *Lived Experience Transformational Leadership Academy*. Það verða 15 einstaklingar sem verða valdir. Hún var í starfshóp um *sí- og endurmenntun fyrir fatlað fólk* sem var tekin saman í svokallaðri Grænbók. Hún var í nefnd á vegun Félags- og vinnumálaráðuneytisins í starfshóp um *Aukin náms og starfstækifæri fyrir fatlað fólk*. Hún tók einnig þátt í verkefnastjórn í tengslum við *innleiðingu á Samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks*. Verkefnisstjórnin valdi auglýsingarstofu í kynningarátak fyrir verkefnið sem hélt síðan tvær vinnustofur og einn fund til að próa hugmyndir sem yrðu notaðar í herferðinni. Auk Elínar Ebbu tóku tveir fulltrúar frá Hlutverkasetri þátt í hugmyndavinnunni.

Greinar: Hún skrifaði þrjár greinar sem birtust á visir.is. *Geðheilsa í forgang – G vítamín gott fyrir geðheilsuna, Af hverju skjólshús?* og *Geðheilbrigði – spennandi verkefni í burðarliðnum*.

Ráðstefnur og málþing: Hún tók þátt í netráðstefnunum, *The Community Mental Health Good Practice Guide* á vegum WHO, *Strengthening the Voice of Organizations of Persons with Psychosocial Disabilities* á vegum Global Disability Inclusion, Mental Health Europe, *How do you do co-creation in mental health* á vegum WHO Regional Office for Europe, og sat kynningu á bókinni *Your Consent is Not Required*, eftir Rob Wipond. Hún tók þátt í *Samráðsþingi um Landsáætlun um innleiðingu samnings SP um réttindi fatlaðs fólks* á Hotel Natura. Hún sat kynningarfund dr. Sigrúnar Ólafsdóttir í félagsfræði á *Viðhofum í garð einstaklinga með fíknivanda* og fyrirlestur um masterritgerð Svövu Arnardóttur í fötlunarfræði *Ég var ekki manneskja, ég var sjúklingur, vald geðheilbrigðiskerfisins og áhrif þess á bata af andlegum áskorunum*. Hún tók þátt í vinnustofu á vegum Listahátíðar Reykjavíkur sem nefndist *Kryfjum ferlið* á vegum Korda samfónia í lðnó. Korda samfónia samanstendur af fólki sem hefur áhuga á tónlistarsköpun sem hefur ekki getað nýtt sér hefðbundið nám vegna veikinda. Smiðjan var með meðlimum hljómsveitarinnar ásamt þátttakendum úr heilbrigðis- og listageiranum. Hún sat vinnusmiðju á vegum *Spirit of Humanity forum* í Lótushúsinu þar sem rýnt var í hvaða merkingu þátttakendur legðu í orðið spiritual og á hvern hátt það hefði áhrif vellíðan og heilsu.

Fyrirlestrar/kennsla og námskeið: Hún kenndi nemum á 4. ári í iðjupjálfafræðum við heilbrigðisdeild Háskólans á Akureyri um *Mannréttindamiðaða geðheilbrigðisþjónustu*. Hún var með innlegg um *jafningjanálgun* í Hlutverkasetri á vegum WARSZTAT ŻYCIA Foundation í Póllandi. Ráðstefnan var um nýsköpun í geðþjónustunni fyrir fagfólk í félags- og geðheilbrigðisþjónustunni sem og kennara í geðheilbrigði. Bataskóli Íslands var einnig kynntur.

Útvarpsviðtöl: Hún fór í viðtal í Bylgjunni síðdegis þar sem umræðuefnið var val í geðheilbrigðisþjónustunni er t.d. önnur úrræði til en lyf? Hún fór í viðtal í október í Samstöðinni ásamt 3 öðrum sem fjallaði um geðheilbrigðismál, fór einnig í vikulokin í Bylgjunni og á Rás 2 í október þar sem fjallað var um geðheilbrigðismál.

Ýmis verkefni: Hún fór með Héðni Unnsteinssyni á Hvolsvöll sem hélt fyrirlestur um geðheilbrigði. Frumkvæðið var á vegum sveitafélagsins. Hún sat samráðsfundi Norðurlandana; Noregs, Svíþjóðar og Danmörku ásamt Eystrasaltslöndunum Eistlandi og Litháen í Kaupmannahöfn í október vegna undirbúnings náms fyrir jafningjastarfsmenn. Hún hitti tengiliði úr NSN verkefnisins í Noregi í Ósló.

Malva Valkyrja Gimeno, Sigurborg Sveinsdóttir, Jón Ari Arasón, Óskar Ögri Birgisson Berglind Sigurðardóttir og Helge Snorri Seljeseth gerðu 4 myndbönd um áhrif jafningjastarfsmanna sem var sett á youtube eftir ráðstefnuna *Er þörf fyrir samfélagsbreytingar? Nýjar leiðir til þess að hugsa um geðheilbrigðismál*.

Malva, Snorri og Sigurborg, luku IPS námskeiði *Train the trainer* námskeiði á vegum IPS.

Berglind Sigurðardóttir, lauk *IPS Advanced* námskeiði. Berglind heldur utan um hitting jafningja hálfsmánaðarlega í Hlutverkasetri þar sem jafningjastarfsmenn hittast.

Sigurborg og Berglind, voru fulltrúar í starfshóp um Nýjan geðspítala og tóku þátt í hugmyndavinnu varðandi vitundarvakningu um Samning sameinuðupjóðanna um réttindi fatlaðs fólks.

María og Malva, héldu kynningu í Bataskólanum fyrir nemendur.

Malva og Snorri: Héldu 3 tíma kynningu á *Peer Support* námskeiðunum fyrir starfsmenn íbúakjarna Reykjavíkurborgar. Einn íbúi tók einnig þátt.

Malva og Ebba sátu 6 klst fjarnámskeið um *ADHD* á vegum Bataskóla Íslands.

Þakkir stjórnar

Liðin eru fimmtán ár frá því að starfsemi Hlutverkaseturs flutti að Borgartúni 1 og tuttugu ár frá stofnun þess af framsýnum einstaklingum sem sáu möguleika í þeim mannauði sem felst í fólki sem glímir við áskoranir í lífinu. Eins og fram kemur í ársskýrslunni hefur Hlutverkasetur alla tíð verið í fremstu röð þegar kemur að nýsköpun og þróun úrræða. Fjölmörg verkefni og úrræði sem hér hafa verið mótuð hafa síðar verið innleidd annars staðar og dafnað áfram með góðum árangri. Þrátt fyrir að vera tiltölulega lítil eining hefur Hlutverkasetur verið afar öflug miðstöð hugmyndaauðgi og frumkvöðlastarfs. Allt frá upphafi hefur kjarnastefna starfseminnar verið að virkja þekkingu og lífsreynslu einstaklinga sem hafa átt undir högg að sækja á vinnumarkaði. Á síðari árum hafa jafningjastarfsmenn fengið aukið vægi í þjónustukerfinu og Hlutverkasetur hefur átt þar virkan þátt, ekki síst sem frumkvöðull. Nú hafa bæði Geðsvið Landspítala og geðheilsugæsluteymin ráðið til sín jafningjastarfsmenn og má rekja hluta af þeirri þróun til áhrifastarfs Hlutverkaseturs. Í dag eru jafningjastarfsmenn orðnir meirihluti starfsfólks. Áherslur notenda verða sífellt sýnilegri og rödd þeirra sterkari. Vonir standa til að fleiri taki við keflinu og haldi áfram þeirri þróun sem hér hefur átt sér stað, líkt og þegar önnur verkefni Hlutverkaseturs, sem upprunalega voru tilraunaverkefni, hafa þróast áfram undir nýjum formerkjum annars staðar.

Hlutverkasetur hefur frá upphafi haft á að skipa afburða starfsfólki sem hefur með sínu vinnuframlagi og þekkingu mótað þá menningu sem ríkir í Hlutverkasetri þar sem hlúð er að umburðarlyndi, þolinmæði, valdeflingu og reisn. Stjórn Hlutverkaseturs vill þakka öllu starfsfólki og sjálfboðaliðum fyrir þeirra vinnuframlag á árinu. Á sama hátt viljum við þakka samstarfsaðilum, sérstaklega Vinnumálastofnun og Reykjavíkurborg, og styrktaraðilum sem gera okkur kleift að halda úti starfsemi Hlutverkaseturs. Ekki síst viljum við þakka þeim sem sækja Hlutverkasetur heim. Við metum mikils þess trausts og stuðninginn sem þátttakendur sýna Hlutverkasetri. Aldrei hafa félagsleg samskipti, tengsl og aðgengi verið mikilvægari en nú á tímum aukinnar einsemdar og einmanaleiki. Megi okkur bera gæfa til að styrkja enn starf Hlutverkaseturs og leggja þannig okkar af mörkum í heimi þar sem félagslegir töfrar fá að blómstra.

Fyrir hönd stjórnar Hlutverkaseturs,

Sæunn Stefánsdóttir, formaður stjórnar

VIÐAUKI

Aldursbil	Fjöldi	%
0-18	0	0%
18-30	12	7%
30-40	29	17%
40-50	41	24%
50-60	41	24%
60-70	19	11%
70-120	4	2%
Vantar upplýsingar	26	15%
Heild	172	100%

Meðal aldur	47
--------------------	-----------

Félagsstaða	Fjöldi	%
Veikindaleyfi	0	0%
Nemi	1	1%
Sjúkradagpeningar	2	1%
Ellilífeyrir	4	2%
Félagsstyrkur	4	2%
Launuð vinna	5	3%
Atvinnuleysisbætur	8	5%
Endurhæfingarlífeyrir	29	17%
Óþekkt / annað	33	19%
Örorkubætur	86	50%

Heild	172	100%
--------------	------------	-------------

Bæjarfélag	Fjöldi	%
Seltjarnarnes	1	1%
Vogar	1	1%
Mosfellsbær	2	1%
Reykjanesbær	2	1%
Garðabær	5	3%
Annarsstaðar	8	5%
Hafnarfjörður	9	5%
Kópavogur	10	6%
Upplýsingar vantar	25	15%
Reykjavík	109	63%

Heild	172	100%
--------------	------------	-------------

Kyn	Fjöldi	%
Karlar	89	51%
Konur	81	48%
Annað	2	1%

Heild	172	100%
--------------	------------	-------------

Tilvísun	Fjöldi	%
Óþekkt	18	10%
Aðrir fagaðilar	67	39%
Eigin vegum	87	51%

Heild	172	100%
--------------	------------	-------------